

Janúar 2022



# Stefnumið í jafnréttismálum

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

| Stjórnarráð Íslands

| Utanríkisráðuneytið

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Janúar 2022

postur@utn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Utanríkisráðuneytið

©2022 utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit:

|  |           |
|--|-----------|
| <b>1. Inngangur .....</b>  | <b>4</b>  |
| <b>2. Leiðarljós.....</b>  | <b>5</b>  |
| <b>3. Málefnaáherslur Íslands.....</b>                                       | <b>6</b>  |
| 3.1 Kynbundið ofbeldi .....  | 7         |
| 3.2 Heilbrigði .....   | 8         |
| 3.3 Valdefling.....  | 9         |
| 3.4 Menntun .....  | 10        |
| 3.5 Aukin þátttaka karla í jafnréttismálum .....                             | 11        |
| <b>4. Innra starf.....</b>   | <b>13</b> |
| 4.1 Vitundarvakning og málefnastarf.....                                     | 13        |
| 4.2 Kyngreind tölfraði og áætlanagerð.....                                   | 13        |
| 4.3 Forvarnir gegn kynferðislegri misbeitingu, ofbeldi og/eða misnotkun..... | 15        |
| 4.4 Ábyrgð, eftirlit og árangur .....  | 15        |

# 1. Inngangur

Íslensk stjórnvöld líta svo á að jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna í þróunarsamvinnu og mannúðarstarfi sé grundvöllur framfara og sjálfbærrar þróunar. Í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019 til 2023 styður Ísland framtíðarsýn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (SP) um sjálfbæra veröld þar sem hungri og sárafátækt hafi verið útrýmt, dregið hafi úr ójöfnuði innan og á milli ríkja, mannréttindi allra séu virt, allir séu jafnir fyrir lögum og lífi við frið og öryggi í daglegu lífi.

Stefnumið þessi á rétta sýn Íslands á sviði jafnréttismála í þróunarsamvinnustarfi og taka mið af alþjóðlegum samningum og skuldbindingum hvað varðar jafnrétti kynjanna og réttindi kvenna og stúlkna<sup>1</sup>.

Óháð úttekt var gerð á jafnréttisstefnu þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) 2013-2016<sup>2</sup> og tilmæli hennar hafa verið lögð til grundvallar þessum stefnumiðum um jafnréttismál í þróunarsamvinnu ásamt tillögum sem komu fram í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á þróunarsamvinnu Íslands frá 2017 og í skýrslu stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar<sup>3</sup>.

---

<sup>1</sup> Þar ber helst: Mannréttindayfirlýsingu SP, kvennasáttmála SP (CEDAW), aðgerðaáætlun Kaíró-ráðstefnunnar um mannfjölda- og þróunarmál um kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi, Beijing-aðgerðaáætlunina um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi og tengdar ályktanir, og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra veröld fyrir árið 2030.

<sup>2</sup> [Evaluation of Iceland's Gender Equality Policy](#)

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ccd9f0d1-8f2c-11e7-941e-005056bc530c>

## 2. Leiðarljós

Mannréttindi, jafnrétti kynjanna og sjálfbær þróun eru sett í öndvegi í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu fram til ársins 2023<sup>4</sup>, enda jafnrétti kynjanna og sterk staða kvenna og stúlkna talin forsenda fyrir félagslegum framförum og efnahagsþróun samfélaga. Jafnrétti kynjanna er þar tiltekið sem bæði sértækt og þverlægt málefni og stefnt að því að vinna markvisst að kynjajafnrétti og valdeflingu stúlkna og kvenna í allri þróunarsamvinnu til að stuðla að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttismál liggja þvert á ýmis málefnasvið utanríkisráðuneytisins og mikilvægt að gæta að skörun og samþættingu í jafnréttisstarfi ráðuneytisins. Sterk staða landsins á sviði jafnréttismála sýnir að Ísland hefur mikið fram að færa á alþjóðavettvangi og getur gegnt forystuhlutverki í málaflokknum. Þá skal Ísland hlúa vel að öllu jafnréttisstarfi og sýna metnað í hvívetna, hvetja til nýsköpunar og auka umfang farsælla verkefna eftir því sem kostur er.

Með samstilltu alþjóðlegu átaki hafa unnist áfangasigrar í átt að kynjajafnrétti sem mikilvægt er að standa vörð um sem og gæta að ekki verði bakslag í jafnrétti kynjanna á alþjóðavísu.

---

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/altext/149/s/0416.html>

### 3. Málefnaáherslur Íslands

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna hefur verið leiðarljós í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands um árábil. Til þess að ýta undir þróun í átt að frekara kynjajafnrétti í alþjóðlegri þróunarsamvinnu leggja íslensk stjórnvöld megináherslu á fimm málefnaþætti sem unnið er að með **sértækum** aðgerðum. Hafa ber í huga að þrátt fyrir þessa flokkun eru sterk tengsl á milli málefnaþátta og skörun sem tekið er tillit til í málsvaustarfi.

- i. **kynbundið ofbeldi**
- ii. **heilbrigði kvenna og stúlkna**
- iii. **menntun með áherslu á stúlkubarnið**
- iv. **valdefling kvenna**
- v. **aukun þátttaka karla og drengja að jafnrétti kynjanna.**

**Þverlægar áherslur** Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og málsvaustarfi taka einnig mið af ofangreindum málefna sviðum auk áherslu á að mannréttindi kvenna séu virt, virka og gildandi þátttöku kvenna í umhverfis- og loftslagsmálum, sem og á átakasvæðum, og í friðar- og uppbyggingarferlum.

Í takt við alþjóðáherslur leggja íslensk stjórnvöld áherslu á samvirkni (e. nexus) mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Meginhlutverk mannúðaraðstoðar er enn sem áður lífsbjargandi aðgerðir og stuðningur en sífellt fleiri langvarandi átök og neyð hafa kallað á nýja hugsun og áherslur um að hætt sé að líta á þróunarsamvinnu og mannúðarstarf sem tvo aðskilda málaflokka. Eru aðgerðir er snúa að jafnrétti kynjanna mikilvægar í þessu samhengi.

Heimsfaraldur **COVID-19** hefur haft gríðarleg áhrif á samfélagsgærd um heim allan og enn er ófyrirséð hver langtímaáhrif faraldursins verða. Ljóst er þó að félagsleg, efnahagsleg og heilsufarsleg áhrif af COVID-19 geta verið ólík fyrir konur og karla, stúlkur og drengi og munu áhrifin koma harðast niður á þeim sem hvað verst standa. Mikilvægt er að alþjóðasamfélagið bregðist við með skilvirkum og samræmdum aðgerðum með kynjasjónarmið að leiðarljósi og sértæka hagsmuni kvenna og stúlkna í huga. Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, halda úti sterku málsvaustarfi varðandi mikilvægi þess að áhersla sé lögð á jafnréttismál í bæði skammtíma og langtíma aðgerðum vegna COVID-19. Einnig er lögð áhersla á söfnun kyngreindra upplýsinga og gagna á skipulagðan hátt svo hægt sé að bregðast skilvirkt við staðbundnum vanda og kynbundnum afleiðingum COVID-19.

### 3.1 Kynbundið ofbeldi

**Kynbundið ofbeldi** er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heimi og hefur engu samfélagi tekist að uppræta slíkt ofbeldi. Í kjölfar útgönguhamlana og samkomutakmarkanna vegna COVID-19 varð aukning í tilkynningum um heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum. Brýnt er að vinna að heildstæðum lausnum t.d. með því að útvega heildstæð úrræði fyrir þolendur, eins og heilbrigðisþjónustu, sálfélagslegan stuðning, tryggja lagaúrbætur og réttláta dómsferðferð, ná til gerenda ofbeldis og stuðla að breyttum samfélagsviðhorfum.

**Ofbeldi gegn konum og börnum** getur aukist í kjölfar átaka og hamfara. Leitast er við að vernda réttindi kvenna á slíkum svæðum með áherslu á að auka þátttöku þeirra í formlegu starfi við friðaruppbyggingu og friðarviðræðum. Vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og stuðningur við þolendur ofbeldis er að sama skapi mikilvægur.

#### Konur, friður og öryggi

Árið 2000 markaði tímamót í sögu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þar sem ráðið fjallaði í fyrsta skipti um mikilvægi þátttöku kvenna í friðarumleitunum og vinnu við lausn átaka.

Í landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi (2018-2022)<sup>5</sup> kemur fram að framlög Íslands til mannúðaraðstoðar, sem ekki teljast til kjarnaframlaga, eigi að taka við af þörfum kvenna og stúlkna til jafns á við þarfir karla og drengja.

**Landsáætlanir um konur, frið og öryggi í Mósambík og Malaví:** Í samvinnu við UN Women hefur Ísland stutt við gerð og framkvæmd landsáætlana vegna ályktunar 1325 í Mósambík og Malaví. Leitast er við að tryggja að ferlar og áætlanir sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í samfélögunum leggi sitt að mörkum til jafnréttis og valdeflingar kvenna og stúlkna. Mikilvægt er að að landsáætlanir af þessu tagi leggi áherslu á að koma í veg fyrir og bregðast við kynbundnu ofbeldi og að þolendur hafi aðgengi að þjónustu. Í þessu samhengi þurfa hlutverk innan lögreglu og herliðs að vera skýr.

**Þvinguð hjónabönd barna** tíðkast enn þrátt fyrir að lög hafi verið samþykkt í flestum ríkjum sem banna hjónabönd barna. Í kjölfar COVID-19 faraldursins hefur aukning átt sér stað í þvinguðum hjónaböndum stúlkna, einkum eftir að skólum var lokað tímabundið. Talið er að tólf milljónir barnunga stúlkna séu þvingaðar í hjónaband ár hvert. Slíkt kynbundið ofbeldi er birtingarmynd fátæktar og valdleysis stúlkna. Mikilvægur árangur í upprætingu barnahjónabanda hefur unnist síðustu ár í samstarfslöndum Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu, t.d. í Malaví hafa þorpshöfðingjar lyft grettistaki í sporna við þvinguðum hjónaböndum barna

<sup>5</sup> [Landsáætlun um konur, frið og öryggi](#)

Átaksverkefni UN Women, **Kynslóð jafnréttis** (e. Generation Equality Forum), hófst árið 2020 í tilefni 25 ára afmælis fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking árið 1995. Ísland var valið til forystu í aðgerðabandalagi gegn kynbundnu ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenía og Úrúgvæ og móta ríkin þær áherslur og aðgerðir sem leiða skulu til úrbóta á þessu sviði í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Skuldbindingar Íslands í verkefninu byggjast m.a. á megináherslum aðgerðabandalagsins, sem eru að:

- stuðlað verði að stefnumótun og lagasetningu sem hafi að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.
- stuðlað verði að samþykkt og framkvæmd gagnreyndra aðgerðaáætlana um forvarnir með það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.
- stuðlað verði að bættu aðgengi þolenda kynbundins ofbeldis að hvers kyns þjónustu aðila sem hafi burði til að sinna hlutverki sínu.
- samtökum kvennahreyfingarinnar verði gert kleift að halda úti starfsemi og hafa áhrif á stefnumótun sem varðar kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.

## 3.2 Heilbrigði

**Limlesting á kynfærum kvenna** er heilbrigðisvandamál, alvarlegt brot á mannréttindum og birtingarmynd á kynbundnu misrétti og ofbeldi og hefur Ísland stutt við svæðisbundnar lausnir til að uppræta þessi mannréttindabrot. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (e. WHO) áætlað að yfir 200 milljónir kvenna hafi orðið fyrir slíkum limlestingum.

**Aðgengi kvenna að kyn- og frjósemisþjónustu.** Lögð er áhersla á aðgengi kvenna að grunnheilbrigðisþjónustu, þá einkum á bætt aðgengi og upplýsingar um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi. Er efling grunnþjónustu og styrking stofnana sem sinna þeirri þjónustu hagkvæm leið til að bæta líf skjör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.

### Kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi í Malaví

Ísland hefur stutt við verkefni á vegum UNFPA í Malaví á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda unglingsstúlkna og kvenna.

Áhersla er lögð á jafnréttis- og mannréttindavinkil í heilbrigðisþjónustu og er markmið verkefnisins að auka þekkingu og þjónustu á getnaðarvörnum til að reyna að draga úr ótímabærum þungunum unglingsstúlkna.

Sérstök áhersla er lögð á að valdefla karla og drengi til að taka ábyrgð og sýna þessum málum áhuga. Enn fremur mun verkefnið styrkja miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis þar sem þeir geta fengið heildstæða aðstoð og ráðgjöf í kjölfar áfalla.



**Yfirráð kvenna yfir eigin líkama.** Konur og stúlkur mæta mörgum hindrunum þegar kemur að kyn- og frjósemisheilbrigði þeirra bæði lagalegum og samfélagslegum, hvort sem um er að ræða þjónustu eða fræðslu. Lögð er áhersla á bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem gefur konum og stúlkum aukin tækifæri til samfélagsþátttöku og aukna hlutdeild í efnahagslegum ábata.

**Heilsa og næring mæðra og ungbarna, fæðingarþjónusta og mæðra- og ungbarnaeftirlit** þarf að njóta forgangs í heilbrigðiskerfinu. Mikilvægt er að þessi grunnþjónusta sé starfrækt áfram á öruggan hátt þrátt fyrir aukið álag á heilbrigðiskerfi vegna COVID-19. Vinnur Ísland að því að styðja við rétt fæðandi kvenna til heilbrigðisþjónustu og bæta þátttöku kvenna í mæðravernd og fræðslu á meðgöngu. Mikilvægt er að aðgangur að getnaðarvörnum og upplýsingum um kynheilbrigði sé tryggður konum, körlum og ungu fólki.

**Fæðingarfistill** er dæmi um kynbundna og heilsufarslega vá ungra mæðra í fátækari ríkjum sem hægt er að koma í veg fyrir með bættri fæðingarþjónustu. Fæðingarfistill kemur upp í kjölfar erfiðra fæðinga og lýsir sér í örkumli ungra mæðra. Eru stúlkurnar yfirleitt útskúfaðar og þjást því einnig félagslega. Lögð er áhersla á verkefni sem snúa að forvörnum, endurhæfingu, skurðaðgerðum og lækningu við fæðingarfistli. Tvíhliða samstarf Íslands hefur stutt við uppbyggingu skurðstofa í Mangochi héraði í Malaví og Freetown, höfuðborg Síerra Leóne sem bjóða upp á aðgerðir til að laga fæðingarfistil og félagslega aðstoð við að koma konum aftur út í lífið.

### 3.3 Valdefling

**Valdefling kvenna** hefur jákvæð samfélagsleg áhrif. Sterk tengsl eru milli efnahagslegrar og pólitískrar valdeflingar kvenna og velfarnaðar fjölskyldu þeirra og barna. Fátækt minnkar, fjölskyldumeðlimir njóta bættrar næringar og heilsu, auk þess sem börn hljóta fremur aðgengi að menntun. Lagt er uppúr því að hagsmunir kvenna og stúlkna séu hafðir að leiðarljósi í stefnumótun og styðji við jafnrétti og valdeflingu.

**Ólaunuð heimilisstörf og umönnun fjölskyldu** eru oftast á ábyrgð kvenna og stúlkna innan fjölskyldunnar heldur en karla og drengja. Í kjölfar COVID-19 hefur ólaunuð vinna á heimilum aukist og umönnunarstörf veikra fjölskyldumeðlima hvílir oftast á herðum kvenna. Þessi ábyrgð dregur úr tækifærum stúlkna og kvenna til menntunar, atvinnu og almennrar velferðar.

**Bætt aðgengi að hreinu vatni og vatnsbólum** í nærsamfélagi fólks gerir það að verkum að konur og stúlkur þurfa sjaldnar að bera vatn langan veg oft á dag auk þess sem öryggi þeirra er síður ógnað þegar vatnsból eru nær heimilum þeirra. Það dregur úr vinnuálagi og sliti kvenna og stúlkna við vatnsöflun og sparar auk þess tíma sem nýtist þeim t.d. við að sækja atvinnu eða skóla fyrir og betur og getur myndað rými fyrir konur til að taka þátt í vatnsnefndum, skólanefndum og heilbrigðisnefndum sem hafa áhrif og taka ákvörðun um grundvallar-mannréttindi samfélaga.

Í verkefnum Íslands í Síerra Leóne er áhersla á að auka verðmæti og gæði fiskafurða og bæta lífsviðurværi þeirra sem starfa innan virðiskeðju fisks á landi en þar eru konur í miklum meirihluta. Einnig hafa risið endurbættir reykofnar sem gera konum sem stunda fiskverkun og sölu á fiski kleift að stunda vinnu sína í öruggu umhverfi með aðgengi að vatni, hreinlætisaðstöðu og verðmætari söluvöru.

Ísland hefur einnig lagt ríka áherslu á þátt **viðskipta í alþjóðlegri þróunarsamvinnu**, enda er mikilvægt að auka viðskiptatækifæri fyrir þróunarríki og auðvelda þeim að koma vörum á markað ef ná á markmiðum um sjálfbæra þróun. Í þessu samhengi leggur Ísland áherslu á stuðning við konur bæði í málsvastarfi og í gegnum sérstök framlög. Ísland styður við verkefni Alþjóðaviðskiptamiðstöðvarinnar (International Trade Centre) sem ber heitið „SheTrades“, en það var stofnað samhliða samþykkt Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og hefur efnahagslega valdeflingu kvenna og tengingu kvenna í þróunarríkjum og á stríðshrjádum svæðum við alþjóðamarkaði að meginmarkmiði.

**Umhverfis- og loftslagsmál** eru skilgreind bæði sem þverlæg og sértæk áhersluatriði í þróunarsamvinnu<sup>6</sup> með áherslu á efnahagslega valdeflingu kvenna og virka þátttöku í stefnumótun umhverfis- og loftslagsmála. Loftslagsbreytingar hafa ólík áhrif á mismunandi samfélagshópa og fátækar konur verða hvað verst fyrir barðinu á veðurfarsöfgum vegna hamfarahlýnunar. Reynsla kynjanna, þekking og sérkunnátta er ólík en það er oft á herðum kvenna að glíma við erfiðar afleiðingar loftslagsbreytinga. Breytingar á loftslagi hafa gríðarleg áhrif á atvinnuvegi kvenna ekki síður en karla. Lögð er áhersla á eflingu þátttöku kvenna og leiðtogaþjálfun ásamt jafnréttissjónarmiðum í öllu samstarfi á alþjóðavettvangi tengdu loftslagsmálum.

Einnig er mikilvægt að konur séu virkir þátttakendur í **friðarviðræðum, við gerð friðarsáttmála og í forvörnum átaka** í samræmi við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi og landsáætlun Íslands þeim tengdum.

### 3.4 Menntun

Jafn réttur drengja og stúlkna til menntunar eru grundvallarmannréttindi og samkvæmt þróunarsamvinnustefnu Íslands er menntun ein árangursríkasta leiðin til að draga úr fátækt og stuðla að þróun samfélaga og jafnframt til að draga úr misrétti í samfélaginu. Sérstök áhersla á menntun stúlkna skiptir miklu máli en stúlkur í lágtekjuríkjum hafa hrakist úr námi í ríkara mæli en drengir<sup>7</sup>. Í

<sup>6</sup> Tekur þetta áhersluvið til eftirtalinnna árangursvísa heimsmarkmiðanna: 1.5, 5.5, 6.2, 7.2, 13.2.

<sup>7</sup> <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000375707>

kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 er áhersla á menntun mikilvægari sem aldrei fyrr til að bregðast við efnahagslegum og félagslegum áhrifum faraldursins.

Í tvíhliða þróunarsamvinnu og með stuðningi í gegnum fjölþjóðastofnanir er áhersla lögð á að skapa aðstæður sem hvetja börn til að ljúka grunnskólagöngu, leggja grunn að góðri menntun, veita aðgang að drykkjarhæfu vatni, bjóða upp á salernisaðstöðu og skólamáltíðir með samstilltu átaki foreldra og tryggja að skólabyggingar séu í samræmi við staðla á landsvísu.

Menntun stúlkna hefur margfeldisáhrif, þær eru líklegri til að ganga seinna í hjónaband, búa við betra heilsufar og ganga menntaveginna<sup>8</sup>.

**Aðgengi að hreinu vatni og fullnægjandi hreinlætisaðstöðu, auk kynskiptra salerna** eru mikilvægir þættir til að auka skólasókn stúlkna. Lögð er áhersla á þessa þætti við skipulag á skólabyggingum og hugað er sérstaklega að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu í tvíhliðasamstarfi í þróunarsamvinnu og í gegnum fjölþjóðasamstarf. Til að vinna bug á útbreiðslu COVID-19 er aðgangur að vatni og sápu auk þess lykilatriði.

### 3.5 Aukin þátttaka karla í jafnréttismálum

Mismunun á grundvelli kyns er á sér stað um heim allan. Þrátt fyrir haldbæran árangur á ýmsum sviðum hafa breytingar í átt að kynjajafnrétti gengið hægt. Haldi þróunin áfram á sama hraða er talið að það muni taka rúmlega tvær aldir að ná kynjajafnrétti<sup>9</sup>. Unnið er öflugt málsvarastarf og vitundarvakning ásamt því að markvisst verður leitað leiða til að virkja karlmenn og drengi í sértækum verkefnum í þágu kynjajafnréttis.

Aðkoma og þátttaka karla og drengja að baráttunni fyrir kynjajafnrétti er vaxandi áherslumál, bæði hjá íslenskum stjórnvöldum og á heimsvísu.

- **Rakarstofuviðburðir:** Lögð er áhersla á að hvetja karlmenn og drengi til aukinnar þátttöku í málaflokknum í gegnum ýmsa rakarastofuviðburði<sup>10</sup> sem hafa verið haldnir víða um heim frá árinu 2015. Tilgangur viðburðanna er að skapa svigrúm til að ræða jafnréttismál og greina hvernig hægt er að beita sér gegn kynjamisrétti og stuðla að kynjajafnrétti í nærumhverfi sínu. Verfærakista fyrir rakarastofuviðburði var þróuð með stuðningi Íslands og aðkomu landsnefndar UN Women á Íslandi. Hefur Ísland staðið fyrir fjölda rakarastofuviðburða um heim allan, allt frá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna, NATO, Alþingi Íslendinga og með héraðsfirvöldum í Mangochi-héraði í Malaví.

<sup>8</sup> <https://www.unfpa.org/sites/default/files/resource-pdf/Child-marriage-evidence-report-2021.pdf>

<sup>9</sup> Sjá: <https://www.weforum.org/projects/closing-the-gender-gap-accelerators>

<sup>10</sup> E. Barbershop. Sjá nánar: <https://www.heforshe.org/en/barbershop>

- **Kynslóð jafnrétis:** Þátttaka karla og drengja í að uppræta kynbundið ofbeldi er ein af aðaláherslum Íslands í aðgerðabandalagi gegn kynbundnu ofbeldi á vegum átaksverkefnis UN Women: Kynslóð jafnrétis.

#### Þátttaka karla í jafnréttismálum

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023 er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið leggi áherslu á hlutverk karla í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi. Í því felist meðal annars að halda rakarastofuráðstefnur hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að í þeim tilgangi að fá karla til að axla ábyrgð á kynjajafnrétti. Jafnframt verði haldið uppi málflutningi af hálfu Íslands um þetta málefni hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að og í tvíhliða samskiptum við önnur ríki. Karlmennt á Íslandi verði hvattir til að taka undir markmið HeForShe-herferðar UN Women í samræmi við skuldbindingar Íslands í IMPACT-átaki UN Women og samvinna innan íslenska stjórnkerfisins og við frjáls félagasamtök verði eflað. Meginmarkmiðið er að auka eignarhald og þátttaka meðal karlanna í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.

## 4. Innra starf

### 4.1 Vitundarvakning og málefnastarf

Staða Íslands í jafnréttismálum í alþjóðlegum samanburði gerir það að verkum að málflutningur Íslands fær góðan hljómgrunn. Stöðunni fylgir jafnframt mikil ábyrgð, nauðsynlegt er að halda góðri stöðu heima fyrir og skorast ekki undan gagnrýnni skoðun og endurbótum ef þurfa þykir. Í þróunarsamvinnu er mikilvægt að deila fúslega þeirri þekkingu og árangri sem hefur náðst en ekki síður að læra af öðrum ríkjum sem sýna gott fordæmi í jafnréttismálum.

Ísland mun áfram leitast við að taka virkan þátt í samstarfi og taka að sér að sinna leiðtogahlutverki á sviði jafnréttismála meðal framlagsríkja sem og á mismunandi vettvangi ólíkra aðila.

Í þróunarsamvinnu og í alþjóðlegum málflutningi Íslands skal ávallt hafa í huga að flókin félagslegur veruleiki liggur að baki birtingarmyndum misréttis. Nálgun Íslands byggir á **sambættingu**<sup>11</sup> sem felur í sér skilning á að fleiri þættir en kyngervi hafi áhrif á stöðu einstaklings í samfélagi. Þættir eins og félagsleg staða, kynhneigð, kynþáttur, kynvitund, kyntjáning, aldur, fötlun, og trúarbrögð eru til að mynda veigamiklir þættir sem geta skert möguleika til samfélagslegrar þátttöku. Einstaklingar geta tilheyrt fleiri en einum jaðarhópi og búið við margþætta mismunun.

#### Innleiðing jafnréttisvottunar í þróunarsamvinnu.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023 er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið innleiði jafnréttisvottun í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands í samstarfi við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Helsta markmið vottunarinnar verði að styrkja ráðuneytið og sendiráð Íslands í Malaví og Úganda í innra stefnumótunarstarfi í þróunarsamvinnu með sérstakri áherslu á ytra starf á sviði jafnréttismála. Ísland verði jafnframt fyrst aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og þróunarsamvinnunefndar hennar (DAC) til að innleiða slíkt vottunarferli á sviði jafnréttismála og því um frumkvöðlastarf á sviði jafnréttismála að ræða.

### 4.2 Kyngreind tölfræði og áætlanagerð

Frá árinu 2011 hefur Ísland notast við aðferðafræði Þróunarsamvinnunefndar (DAC) Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), svokallaða **kyngjajafnréttisstiku**<sup>12</sup> sem metur hvort að verkefni í tvíhliða þróunarsamvinnu,


<sup>11</sup> E. intersectionality

<sup>12</sup> E. Gender Equality Policy Marker

framlög til alþjóðastofnanna og annarra verkefna hafi jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og stúlkna.

| Jafnréttisstika DAC og frammistaða Íslands   |
|--|
| Ísland er í farabroddi á heimsvísu hvað varðar starf að jafnréttismálum innan þróunarsamvinnu sem endurspeglast í árlegri úttekt þróunarsamvinnunefndar OECD um notkun jafnréttisstiku.  |
| Yfir 80% af verkefnum og eyrnamerknum framlögum Íslands til alþjóðastofnanna á undanförunum árum hafa haft það markmið að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Um 8% verkefna Íslands hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði. |

Auk hinnar hefðbundnu þríflokkunar sem DAC notar, hefur Ísland bætt við einum flokki til að fylgjast með framgangi markmiða sem ætlað er að vera umbreytandi jafnréttisverkefni. Með því er átt við verkefni sem hafa kerfisbundin áhrif sem umbyltir stöðu jafnréttismála á tilteknu sviði. Stuðningur og verkefni eru flokkuð líkt og sýnt er á mynd 2, eftir því hvort enga jafnréttisáherslu sé að finna í verkefnum, í að verkefni stuðli á markvissan hátt að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, yfir í að kynjajafnrétti og valdefling kvenna sé meginmarkmið þróunarinngríps. Efsta stiginu er náð þegar verkefni hefur umbreytandi áhrif á sviði kynjajafnréttis.



Mynd: Jafnréttisstika DAC

Að auki við notkun og framkvæmd jafnréttisstiku beytir Ísland aðferðum kynjasambættingar við fjárhagsáætlunargerð. Er þetta í takt við kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Í því felst að kynjasjónarmið eru höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðar og tekjur og útgjöld eru endurskipulögð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna.

### 4.3 Forvarnir gegn kynferðislegri misbeitingu, ofbeldi og/eða misnotkun

Ísland er hluti af samstarfi 22 ríkja sem setja sameiginlegar kröfur til alþjóðasamtaka og stofnanna þess efnis að í öllum umsóknum til framlagsríkja sé skýrt kveðið á um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og um skýra ferla varðandi tilkynningar, rannsóknir og eftirmála ef slík mál koma upp. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins, eins og Stjórnarráðsins í heild, fær þjálfun og upplýsingar um hvernig bregðast skuli við í slíkum tilfellum og hvernig breyta eigi stofnanamenningu til að koma í veg fyrir slík tilvik.

### 4.4 Ábyrgð, eftirlit og árangur

Ísland beitir heildrænni árangursstjórnun í þróunarsamvinnu. Ein megináðferðafræðin sem nýtt er við vöktun og árangursstjórnun á sviði jafnréttismála er að styðjast við kyngreinda tölfræði. Rík áhersla er lögð á skilvirkni og gagnsæi, að fylgjast náið með árangri þeirra verkefna sem Ísland styður og að sinna öflugu upplýsinga- og kynningarstarfi. Árangur skal vandlega skilgreindur, en forsenda þess er að tilgreina með skýrum hætti þau markmið sem Ísland setur sér á sviði jafnréttismála.

Markmiðssetning skal vera í takti við þá grundvallarsýn sem sett hefur verið fram í þessum stefnumiðum til að gefa löggjafa og öðrum haghöfum kleift að glöggva sig á hvaða árangri Ísland nær með starfinu og hafa virkt aðhald með starfi á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Íslensk stjórnvöld skulu standa skil á gæðum og árangri í þróunarsamvinnu sinni. Árangur og skilvirkni, og vönduð og fagleg vinnubrögð eru lykilatriði við ákvarðanatöku um hvernig fjárveitingum til þróunarsamvinnu skuli háttað og gerð skal grein fyrir áhrifum þeirra ákvarðana á markmið um jafna stöðu karla og kvenna. Öll verkefni og framlög Íslands skulu rýnd með markvissum hætti með tilliti til jafnréttismála áður en til framkvæmda eða fjárframlaga kemur.

Úttektir eru eitt helsta tæki Íslands til eftirlits og lærdóms í þróunarsamvinnu og byggir það starf á úttektastefnu Íslands og viðmiðum OECD-DAC. Í úttektarstefnu Íslands fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu kemur fram að úttektir skuli meta framlag viðkomandi verkefnis til jafnréttis. Þá skal enn fremur samþætta jafnréttismál í árlega úttektaráætlun Íslands. Úttektir skulu gerðar á þverlægum málefnum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, líkt og öðrum málaflokkum, og gera skal grein fyrir slíkum úttektum í úttektaáætlunum Íslands.

